

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/682**  
**komudagur 13.12.2013**

LANDVARÐAFÉLAG ÍSLANDS



Vertu með - Virtu landið

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis við Austurvöll  
101 Reykjavík

Reykjavík 13. desember 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (þingskjal 199 – 167.mál).**

Landvarðafélag Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðrar brottfellingar á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Lög þessi eru tvímælalaust afar stórt framfaraskref til verndar hinn einstöku og verðmætu náttúru Íslands og teljum við að brottfelling þeirra sé að sama skapi mikil og sorgleg afturför í þeim málum.

Landvarðafélag Íslands lýsir sérstökum áhyggjum af því að greinar nr. 31 um akstur utan vega og nr. 32 um kortagrunn um vegi og vegslóða muni ekki öðlast gildi. Innihald þeirra er mikilvægur liður í baráttunni gegn akstri utan vega en hann er umhverfisvandamál sem félagsmenn verða í síauknum mæli varir við í sínu starfi. Máli þessu til stuðnings er hægt skoða myndalbúm með myndum af tjóni vegna aksturs utan vega á Fésbókarsíðu Landvarðafélags Íslands, <https://www.facebook.com/landverdir>

Við vonumst til að frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd nr. 60/2013 verði ekki samþykkt.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landvarðafélags Íslands,

Linda Björk Hallgrímsdóttir,  
formaður